



Lög Skátafélags Borgarness

1. gr.

Félagið heitir Skátafélag Borgarness, heimili þess og starfssvæði er Borgarbyggð.

2. gr.

Félagið er aðili að Bandalagi íslenskra skáta (BÍS) og starfar eftir lögum þess.

3. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn í febrúarmánuði ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi hafa allir félagar félagsins. Atkvæðisrétt hafa allir skuldlausir félagar sem orðnir eru 18 ára. Allir einstaklingar 15 ára og eldri hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi.

Til aðalfundar skal boða með auglýsingu á starfssvæði félagsins minnst 10 dögum fyrir fund.

4. gr.

Verkefni aðalfundar eru:

1. Lögð fram skýrsla stjórnar, umræður
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins, umræður
3. Lagabreytingar
4. Kosningar
5. Önnur mál

5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð amk fjórum skátum; félagsforingja, dagskrárforingja, sjálfboðaliðaforingja og gjaldkeri. Allir stjórnarmenn skulu vera 18 ára eða eldri og félagsforingi skal hafa náð 25 ára aldri. Heimilt er að tveir skátar sinni sameiginlega einu embætti.

Varðandi önnur skilyrði er vísað í reglugerð Bandalags íslenskra skáta um hæfi skátaforingja.

Stjórn skal kosin til tveggja ára í senn á eftirfarandi máta: Félagsforingi og dagskrárforingja á sléttu ártali. Sjálfboðaliðaforingi og gjaldkeri á oddatöluráli.

Hætti stjórnar- eða embættismaður félagsins á miðju kjörtímabili skal stjórn finna annan mann í hans stað fram að næsta aðalfundi.

Endurskoðendur reikninga félagsins skulu vera tveir, annar tilnefndur af félagsráði, en hinn kosinn árlega á aðalfundi félagsins.

Verkefni stjórnar:

Félagsforingi

Ber ábyrgð á öllu starfi félagsins og fjármálum þess. Ber ábyrgð á að gildi skátahreyfingarinnar séu höfð að leiðarljósi í allri starfsemi félagsins. Stjórnar fundum stjórnar og sér til þess að gerð sé fundaráætlun stjórnar fyrir hvert tímabil. Undirbýr starfsáætlun ásamt dagskrár- og sjálfboðaliðaforingjunum. Ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar og sér til þess að foringjar skilji mikilvægi þess að taka þátt. Ber ábyrgð á að ársskýrsla og reikningar séu tilbúin og að öll gögn séu aðgengileg öllum fyrir aðalfund félagsins. Þekki reglur félagsins og BÍS, ásamt viðbragðsáætlun æskulýðsvettvangsins. Gerir sitt besta við að leysa vandamál sem upp koma í félaginu og leita hjálpar ef þess þarf. Leiðir samstarf við önnur skátafélög í samvinnu við stjórn og foringja.

Sjálfboðaliðaforingi

Sér til þess að félagið geri starfssamninga við alla sjálfboðaliða sína. Samningur innihaldi starfslýsingu, tímamörk, markmið og verkefnislýsingu. Muna siðareglur, reglur félagsins. Tryggi að öll störf innan félagsins séu vel skilgreind og þekkt innan félagsins. Hann gætir þess að hver og einn hafi (eða fái) þá þekkingu og reynslu sem þarf í sitt starf. Sér til þess þess að hver einn og fái starfssamtal reglulega (5 mín. 1x í mán.). Stutt spjall um hvernig gengur, ræðum persónuleg markmið og óskir. Sér til þess að hverjum og einum sé þakkað fyrir sitt vinnuframlag.

Dagskrárforingi

Sér til þess að í allri dagskrá sé unnið eftir skátaaðferðinni. Sér til þess að í allri dagskrá sé þessu fylgt:

- að skátaaðferðin sé nýtt hvarvetna sem sú leið sem við notum í skátastarfi,
- að dagskráin sé samræmd og sambærileg milli aldursbila, með viðeigandi stíganda,
- að sambærileg gæði séu í öllum aldursbilum,
- að dagskráin sé í samræmi við viðburðadagatal BÍS og SSR.
- Aðstoða sveitarforingja við að skipuleggja sína dagskrá í samræmi við skátaaðferðina.
- Meta notkun skátaaðferðarinnar í öllum aldursbilum.

- Fylgjast með þróun og nýjungum í dagskrármálum innan félags, innan BÍS og í WOSM/WAGGGS.
- Gæta þess að viðfangsefni og dagskrá viðburða séu við hæfi þátttakenda.
- Fylgjast með þróun á þátttöku innan og á milli aldursbila og reyni að átta sig á hvers vegna krakkar byrja í skátunum, af hverju þau halda áfram.

Gjaldkeri

Gjaldkeri félagsins skal vera fjárráða. Hann sér um félagssjóð og annast öll fjármál félagsins og vinnuhópa. Gjaldkeri ber ábyrgð á innheimtu árgjalda og félagatali. Hann gerir ársreikninga sem bornir eru upp á aðalfundi félagsins. Gjaldkeri ber ábyrgð á því að setja upp flokkastarf í Nóra fyrir hvert starfsár og fylgja eftir að skráningu sé framfylgt.

6. gr.

Félagsráð skipa stjórn félagsins, sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar. Formenn nefnda verði kallaðir á fundi eftir þörfum.

Félagsráð heldur fundi einu sinni í mánuði yfir vetrartímann en eftir þörfum yfir sumartímann.

7. gr.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga þurfa að hljóta stuðning 2/3 hluta fundarmanna til að öðlast samþykki, og taka þá þegar gildi.

8. gr.

Reikningsár félagsins miðast við almanaksárið.

9. gr.

Ef félagar vilja slíta félaginu þurfa þrjú fjórðu hlutar greiddra atkvæða að vera með því á fundi sem er boðaður á sama hátt og um löglegan aðalfund væri að ræða. Verði þar samþykkt að slíta félaginu, skal stjórnin boða löglegan stjórnarfund og ráðstafa eignum félagsins með samþykki B.Í.S.

10. gr.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Samþykkt á aðalfundi 15. mars 2020